



# Fréttabréf foreldrafélags og foreldraráðs Grunnskóla Seltjarnarness - haust 2007

Stjórn foreldrafélagsins 2007-2008 er þannig skipuð:

Helga Sverrisdóttir [helgasverris@hotmail.com](mailto:helgasverris@hotmail.com) -formaður

Sólveig Magnúsdóttir [solly@vortex.is](mailto:solly@vortex.is) -gjaldkeri

Ragnheiður Ævarsdóttir [ragnheidur.aevarsdottir@glitnir.is](mailto:ragnheidur.aevarsdottir@glitnir.is) -ritari

Hjálmsfríður Kristinsdóttir [hjallaogoli@simnet.is](mailto:hjallaogoli@simnet.is)

Kalla Karlsdóttir [kalla.karlsdottir@kaupthing.com](mailto:kalla.karlsdottir@kaupthing.com)

María Fjóra Pétursdóttir [mariafjola@simnet.is](mailto:mariafjola@simnet.is)

Arna Hansen [arna.hansen@inpro.is](mailto:arna.hansen@inpro.is)

Theódóra Reynisdóttir [grandaskoli@skoli.hg.is](mailto:grandaskoli@skoli.hg.is)

Svandís Bergmannsdóttir [svandis@mi.is](mailto:svandis@mi.is) ( Svandís sér um heimasíðuna)

Foreldraráð-fundar með skólastjórnendum fyrsta miðvikudag hvers mánaðar

Birna Helgadóttir [birna@alta.is](mailto:birna@alta.is)

Sigurlína Margrét Magnúsdóttir [lina@grandaskoli.is](mailto:lina@grandaskoli.is)

Kristín Gísladóttir [kjg@grandaskoli.is](mailto:kjg@grandaskoli.is)

Davíð Gíslason [david@gjaldheimtan.is](mailto:david@gjaldheimtan.is)

Fundir stjórnar foreldrafélagsins eru fyrsta þriðjudag hvers mánaðar

## Vissir þú að.....

....foreldrafélagið er að gefa Valhúsaskóla hljóðkerfi í Miðgarð sem mun gjörbylta aðstöðunni fyrir nemendur og kennara

....krakkar úr Való stóðu sig frábærlega í nýsköpunarkeppni grunnskólanna og unnu til margra verðlauna

.....fleiri en 100 krakkar í Való fá nú heitan mat í hádeginu og erum við öll ótrúlega ánægð með að fá Jóa kokk aftur -VELKOMINN!

....veturinn hefur farið frábærlega vel af stað og góð stemming í skóla og félagslífi- erum bara glöð með það, frábærir krakkar og flottir kennarar

...búið er að taka upp stefnu gegn einelti í skólanum- var löngu tímabært -kynnið ykkur uppbyggingarstefnu-uppeldi til ábyrgðar



Atburðir í skólalífinu sem þú mátt ekki missa af

Laufabrauðs-baksturinn sívinsæli er

24. nóvember klukkan 10- 14

Bókakynning í bókasafninu er 5. desember klukkan 17:00

Prettánda-brennan

ómissandi 6. janúar klukkan 18.00

ÓSKUM ÖLLUM GÓÐS VETRAR- LEYFIS!!!

# Fréttir af starfsemi foreldraráðs

## Frá foreldraráði

Í skólanum starfar foreldraráð með fjórum fulltrúum foreldra. Foreldraráð er málsvari foreldra í þróun skólastarfsins. Samkvæmt lögum er hlutverk þess að gefa umsögn til skólans og skólanefndar um skólanámskrár og aðrar áætlanir um skólahaldið, fylgjast með að áætlanir séu kynntar foreldrum svo og með framkvæmd þeirra. Foreldraráð hittir skólastjórnendur mánaðarlega og fer yfir mál skólans og situr fundi skólanefndar.

Í gegnum foreldraráðið gefst foreldrum kjörið tækifæri til að hafa áhrif á þróun skólastarfs hér á Seltjarnarnesi. Við höfum unnið að mörgum málum að undanfögnu sem hafa komið ýmsu til leiðar. Hér að neðan eru nokkur dæmi um það.

## Helstu áherslu í starfi foreldraráðs skólaárið 2006-2007 voru eftirfarandi:

\*Að benda á nauðsyn þess að endurbæta skólanámskrána. Búa til eina heildstæða skólanámskrá í stað tveggja þar sem skólarnir hefðu fyrir

nokkru verið sameinaðir. Einnig var bent á að það þyrfti að samræma hana við nýja skólastefnu. Fjármagn var tryggt í verkefnið af foreldraráði og var Haraldur Finnsson fenginn til ritstýringar. Starfsfólk skólans vinnur nú við að ljúka þessu verkefni og kemur foreldraráð til með að fylgjast með og gefa umsögn.

\*Að þrýsta á um fjölbreyttari matseðil og bættar aðstæður í mötuneyti Valhúsaskóla- að unglingar þyrftu líka heitan mat sem nú er raunin.

\*Að benda á að auka þyrfti gæslu í frímínútum í Mýrarhúsaskóla.

\*Að óska eftir kynningarfundum um nýtt deiliskipulag skóla og íþróttasvæðis. Foreldraráð skilaði inn athugasemdum við deiliskipulagið og lýsti m.a. eftir aðgerðum til að tryggja öryggi barna vegna stóraukinnar umferðar við Suður- og Austurströnd með tilkomu nýrrar heilsuræktarstöðvar. Engin svör fengust við athugasemdunum frá bæjarfélaginu. Við í ráðinu teljum mikilvægt að vel sé hugað að aðgengi gangandi vegfarenda við skólann og hvetjum við foreldra til þess að vera vel vakandi fyrir því hvernig málin þróast.

Foreldraráð hefur ýtt fram mörgum frábærum málum, eins og nýrri skólanámskrá!!!

\*Að hvetja til þess að Olweusaráætlunin - gegn einelti yrði innleidd við skólann. Ekkert varð úr því en hins vegar hefur Grunnskóli Seltjarnarness ákveðið að innleiða svokallaða **uppbyggingarstefnu - uppeldi til ábyrgðar**. Það er von okkar í foreldraráði að sú vinna sem framundan er í því verkefni eigi eftir að gefa góða raun.

\*Að kynna sér hugmyndir um skipulag nýrrar skólalóðar við Mýrarhúsaskóla. Foreldraráð mun fylgjast með og verða umsagnaraðili á seinni stigum hönnunar. Foreldraráð hefur einnig framtíðarsýn og á komandi skólaári viljum við sjá:

\*Meiri þátttöku foreldra í foreldrastarfinu.

\*Skýra skólustefnu Grunnskóla Seltjarnarness í samræmi við skólustefnu bæjarfélagsins.

Að lokum. Fylgjumst öll með, höfum samband við skólann ef eitthvað er, höfum skoðanir, hrósum þegar vel er gert og látum í okkur heyra ef okkur finnst að eitthvað mætti betur fara. Ef illa gengur að koma málum í gegn hafið þá endilega samband við okkur í foreldraráðinu. Við störfum í umboði allra foreldra og því er mjög mikilvægt fyrir okkur að heyra af skoðunum ykkur og hugmyndum um skólustarfið. Þið getið sent okkur póst á [foreldrarad@seltjarnarnes.is](mailto:foreldrarad@seltjarnarnes.is) eða hringt í okkur, sjá símanúmer á [www.nesforeldrar.is](http://www.nesforeldrar.is).

## Hvað er að fréttu af foreldraröltinu?

Foreldraröltið er frábært tæki til að veita aðhald og fylgjast með stöðu mála hjá ungl-ingunum okkar. Það hefur gengið þokkalega í haust að röltu og ekki komið upp meiri-háttar vandræði en þó hafa enn verið haldin eftirlitslaus partý og einnig er nokkuð um að unglingar og foreldrar virði ekki lögboðinn útivistartíma.....hvetjum bara foreldra til að taka sína vakt.....ekkert mikið ef allir gera eitthvað smávegis.

Útivistartímar unglinga og barna eru eftirfarandi: Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20:00 nema í fylgd með fullorðnum.

Börn á aldrinum 13 til 16 ára skulu ekki vera á almannafæri eftir kl. 22:00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþróttu- eða æskulýðssamkomu.

Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir.

Aldursmörk miðast hér við fæðingarár en ekki fæðingardag.



Foreldrarölt er frábært tæki til að veita börnunum okkar aðhald á viðkvæmu æviskeiði

## Gagnlegir tenglar fyrir börn og foreldra

[www.heimiliogskoli.is](http://www.heimiliogskoli.is)  
[www.skolavefurinn.is](http://www.skolavefurinn.is)  
[www.nesforeldrar.is](http://www.nesforeldrar.is)  
[www.umferdarstofa.is](http://www.umferdarstofa.is)  
[www.saft.is](http://www.saft.is)  
[www.kidtimer.is](http://www.kidtimer.is)  
[www.forvarnir.is](http://www.forvarnir.is)  
[www.lesheimur.is](http://www.lesheimur.is)  
[www.foreldrahus.is](http://www.foreldrahus.is)  
[www.regnbogaborn.is](http://www.regnbogaborn.is)  
[www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)  
[www.selid.is](http://www.selid.is)  
[www.leikjavefurinn.is](http://www.leikjavefurinn.is)  
[www.seltjarnarneskirkja.is](http://www.seltjarnarneskirkja.is)  
[www.grottasport.is](http://www.grottasport.is)  
[www.mentor.is](http://www.mentor.is)  
[www.itr.is](http://www.itr.is)

## Göngum í skólann- ekki bara þegar það er átak í gangi!!! En er það óhætt?

Október er "göngum í skólann mánuður" og er skólinn aðili að alþjóðlegu átaki sem miðar að því að minnka skutl í skóla. Það er þó kannski erfitt á Íslandi þar sem skammdegið er mikið og lítil kríli á leið í skóla sjást varla í myrkrinu og hvað þá þegar þeir sem skutla unglungunum sínum í skólann keyra alveg inn á bílastæði kennara með unglinginn og bakka svo til að komast aftur út á götu, og yfir sama bílastæði þurfa börnin í Mýró að labba. Hvernig væri að setja unglingana út hjá Skarasjoppu til að minnka umferð á skóla-svæðinu? Manni sýnist ekki að þeim finnist svo langt niður í Skara á öðrum tímum dags!!

Þegar líkamsræktarstöðin opnar mun eflaust umferð verða mjög þung um þetta svæði á morgnana og kannski spurning hvort gangandi börn eða bílar eigi að vera í forgangi? Hugsum málið!

Bekkjarfulltrúar hafa í gegnum tíðina verið ótrúlega duglegir að finna upp á nýjungum í að gera bekkjarkvöldin eða aðrar samverustundir með bekknum skemmtilegar, hér eru nokkrar nýjar og nokkrar klassískar hugmyndir.....

-gróttuferð...það heitasta, fara að gista, pantað hjá Hrafnhildi, kostar 15000 kr nóttin

-mæðgnakvöld/feðgahittingur, reyndist ótrúlega vel þar sem bar á einelti, þjappaði saman stelpuhóp þar sem ein var utanveltu

-vasaljósaganga á Valhúsahæð- einföld en skemmtileg hugmynd sem sló í gegn

-leikjakvöld hjá 6 ára, ekkert prógram bara fá að leika sér í salnum og hlaupa svolítið um skólann, einfaldar þarfir þar

-og svo allt hitt, bingó, félagsvist, kaffihús, keila, skautar, hellaskoðun, heiðmörk, sund, bíó, keramik, hjólaferð, fjöruferð, piparkökubakstur, matreiðslukvöld þar sem bekkurinn býður fullorðnum í mat, íþróttakeppni, jólaföndur, skák.....

- og svo hefur reynt ótrúlega vel að foreldrar hittist án barna til að kynna hvert öðru, samræma reglur og efla tengslin í bekknum.